

## Orlofshúsin – nýr valkostur í boði á Suðurlandi

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og styrki.

Í sumar verða í boði tvö hús á Illugastöðum, hús í Flókalundi í Vatnsfirði, hús á Einarstöðum á Héraði, orlofshúsið Skógarsel í Vaglaskógi, orlofshús í Kötluholti í Biskupstungum á Suðurlandi og í fyrsta sinn verður í boði orlofshús í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Þá verða í boði þrjár íbúðir sem félagið á í Mánatúni 3 í Reykjavík.

**Athugið! Leyfilegt er að hafa með sér gæludýr í bústaðinn Kötluholt í**

**Biskupstungum, en gæludýr eru stranglega bönnuð í öðrum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.**

Auk orlofshúsa býður félagið 75 „viku að eigin vali“ allt að kr. 20.000 vegna gistikostnaðar á árinu 2014. Einnig verða í boði, eins og sl. sumar, niðurgreiddir gistimiðar á Edduhótelin og Fosshótelin á kr. 6.500.

Félagsmenn geta líka keypt miða í Hvalfjarðargöngin, veiðikort og golfkort á skrifstofu félagsins og jafnframt er hægt að sækja um útilegukort.

Nánar er sagt frá þeim húsum, íbúðum og styrkjum sem í boði eru í sumar á bls. 6, 7 og 8.

### Rafrænar umsóknir

Sækja má um orlofshús, „vika að eigin vali“ og útilegukort á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is) og því fylgir ekki umsóknareyðublað með fréttabréfinu. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta komið á skrifstofuna og fengið aðstoð.

Umsóknarfrestur vegna sumarleigu er til 20. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl.

**Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavefnum kl. 12:00 þann 10. apríl nk. □**

## Laun hækkuðu um 2,8%

Samkvæmt nýjum kjarasamningum FVSA hækkuðu laun frá og með 1. janúar sl. og kom sú hækkun til útborgunar um mánaðamótin eða þann 1. febrúar 2014.

Laun hækkuðu sem hér segir:

- Almenn hækkun er 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf.
- Launataxtar sem eru undir kr. 230 þúsund á mánuði hækka að auki um kr. 1.750. Þessir taxtar hækka því um kr. 9.750. □

## Leikhúsferð fyrir ellilífeyrisþega

Til stendur að fara í leikhúsferð í Menningarhúsið Tjarnarborg í Ólafsfirði síðar í mars.

Leikfélag Fjallabyggðar mun sýna gamanleikinn „Brúðkaup“ sem Guðmundur Ólafsson leikstýrir, en hann samdi verkið sérstaklega fyrir leikfélagið.

Leikfélagið fékk í fyrra verðlaun fyrir bestu uppsetningu áhugamannaleikhúss, þá sýndi það leikritið „Stöngin inn“ sem er líka eftir Guðmund.

Nánari upplýsingar um dagsetningu og fyrirkomulag verður auglýst þegar nær dregur.



## Ný heimasíða

Nýlega tók FVSA í gagnið nýja og flotta heimasíðu. Það er von félagsins að hún eigi eftir að nýtast félagsmönnum betur en sú gamla, þar sem hún er mun aðgengilegri. Ef ykkur finnst eitthvað vanta á síðuna eða það er eitthvað sem mætti betur fara þá endilega sendið póst á [fvsa@fvsa.is](mailto:fvsa@fvsa.is)

Félögin þrjú sem eru með sameiginlega afgreiðslu á þriðju hæðinni, FVSA, Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, sömdu við Stefnu um að hanna nýjar heimasíður fyrir félögin. Félögin halda öll sínum vefköngum, en ákveðið var að hafa sameiginlega forsíðu fyrir öll félögin, [www.stettey.is](http://www.stettey.is) þar sem birtast fréttir frá öllum félögum. Til að komast á heimasíðu félagsins þarf einungis að ýta á merki FVSA. □

# Aðalfundur FVSA 2014

**Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn á Hótel KEA á Akureyri mánudaginn 24. febrúar sl. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Þá kynnti Úlfhildur einnig nýjar reglur varðandi úthlutun styrkja úr sjúkrasjóði félagsins.**

Um síðustu áramót voru félagsmenn 2.271 sem er fjölgun um 128 frá árinu á undan. 1.406 konur og 865 karlar. 864 félagsmenn eru yngri en 35 ára. Fullgildir greiddandi félagsmenn voru 1.942, en mun fleiri greiddu eitthvað til félagsins á árinu, tímabundið, lífeyrisþegar eru samtals 329. Skoðað var hlutfall þeirra sem vinna í verslun og reyndist það vera 53% greiddandi félagsmanna. 515 fyrirtæki greiddu til félagsins af starfsmönnum sínum og er það fjölgun um 33 frá fyrra ári.

Fram kom í máli Úlfhildar þegar hún kynnti skýrslu stjórnar að starfsemi félagsins hefði verið með hefðbundnum hætti á síðasta ári. Hún minntist á að undanfarin 15 ár hafi Neytendasamtökin leigt skrifstofu í Alþýðuhúsinu, en hættu starfsemi á Akureyri þegar starfsmaður þeirra settist á þing. „Alltaf slæmt þegar þjónusta er hætt á landsbyggðinni, en samtökin telja ekki grundvöll fyrir rekstri hér eins og er að minnsta kosti.“

Úlfhildur sagði að atvinnuleysi hefði verið almennt minna í fyrra en árið áður. „Félagsmenn okkar voru að meðaltali 63 sem greiddu af atvinnuleysisbótum, flestir í febrúar 2013 samtals 75 félagsmenn, en fæstir í júlí og ágúst 52.“

Í mars var lífeyrisþegum boðið í leikhúsferð að Melum að sjá Djáknann á Myrká og einnig var farið í kaffihlaðborð í Þelamerkurskóla. „Sumarferðin var sigling með Ambassador í fínu veðri. Farið var í land á Hjalteyri þar sem var grillað og fólk frætt um sögu staðarins. Báðar þessar ferðir voru farnar í samvinnu við hin stéttarfélögin á þriðju hæðinni, sjómenn og málmíðn-

aðarmenn og voru þátttakendur á milli 80 og 90 í hvorri ferð, mikill meirhluti frá okkar félagi í þeim báðum,“ sagði Úlfhildur.

## Eitt stykki rúm

Fyrir jólin styrkti félagssjóður sameiginlegt starf líknarfélaga um kr. 400.000, þ.e. Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn. „Í haust fór af stað fjáröflunartak til styrktar Sjúkrahúsínu á Akureyri og Hollvinasamtök stofnuð. Stéttarfélögin lögðu sitt af mörkum til kaupa á sjúkrarúmum og lagði FVSA 700.000 krónur til sjóðsins, en það er andvirði eins fullkomins sjúkrarúms.“

Úlfhildur sagði að á árinu hefði lokið vinnu við stefnumótun og endurskoðun á reglugerð Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. „Nýjar reglur um styrki úr sjóðnum tóku gildi um síðustu áramót. Við teljum að þessar nýju reglur nýtist okkar félagsmönnum mun betur en þær gömlu.“ Nánar má lesa um breytinguna á starfsreglum sjóðsins á baksíðunni.

Greiðslur úr sjúkrasjóði voru aðeins lægri á árinu en á fyrra ári. „Greiddir voru sjúkradagpeningar til 54 félagsmanna, eða þremur færri en árið áður, samtals að upphæð kr. 22,6 milljónir. Aðrir styrkir til félagsmanna voru sömu leiðis yfirleitt lægri en árið áður,“ sagði Úlfhildur og kynnti jafnframt nýjar regl-



ur varðandi úthlutun styrkja úr sjúkrasjóði félagsins sem stjórn sjóðsins samþykkti nýlega. Um breytingarnar má lesa á bls. 5 í fréttabréfinu.

## Kjaramál

„Síðastliðið vor ákvað félagið að vera með í Gallupkönnun meðal félagsmanna sem VR/LÍV stóðu fyrir um það hvað fólki fannst að leggja ætti mesta áherslu á í komandi samningum. Niðurstöður voru mjög líkar hjá öllum félögunum innan landssambandsins, en því miður var þátttaka í könnunni ekki mikil. Þeir sem svörðu könnuninni lögðu mikla áherslu á kaupmáttaraukningu og efnahagslegan stöðugleika og að launahækkunar ættu að vera meiri á lægstu laun,“ sagði Úlfhildur og bætti við að eftir langar viðræður hefði loks verið sameinast um svokallaðan aðfararsamning sem yrði stuttur og með litlum launahækkunum, höfðu áhersla yrði lögð á að ná stöðugleika og halda verðhækkunum í skefjum þannig að verðbólgu markmið





Seðlabankans næðust. „Í umræðunni um þennan samning kom fljótt í ljós að mörgum fannst launahækkarnar vera allt of litlar og menn treystu ekki á að stöðugleiki næðist. Öðrum fannst að tilraunin til stöðugleika væri þess virði að reyna hana, enda væri samningurinn stuttur og því litlu fórn að. Opinberu aðilarnir áttu eftir að semja og óöruggi því mikið um framhaldið. Innihald samningsins var sem sagt launahækkun frá 1. janúar 2014 um 2,8% og 4-5% á launataxtana. Samningarnir voru samþykktir hjá um helmingi aðildarféлага

ASÍ, þátttaka í kosningunum var yfirleitt mjög dræm. Hjá okkur var aðeins rúmlega 10% þátttaka og samningurinn samþykktur með 63% þeirra sem afstöðu tóku. Félögin samþykktu og felldu sitt á hvað þannig að hluti verslunarmannafélaga, hluti iðnaðarmannafélaga og hluti starfsgreinasambands félaganna voru með samþykktu samninga og önnur ekki.

Þau félög, utan eitt, sem felldu samningana skrifuðu undir nýjan samning núna fyrir helgina og eru þessa dagana að undirbúa atkvæðagreiðslu um hann. Samningurinn á að taka gildi



1. febrúar með sömu launahækkunum og sá fyrri og með eingreiðslu vegna janúar. Sá samningur á að gilda til loka febrúar á næsta ári og í honum eru hækkarnir á orlofs og desemberuppbótum samtals kr. 32.300. Þau félög sem samþykktu fyrri samninginn munu eiga kost á því að ganga inn í þennan samning og það munum við að sjálfsögðu gera,” sagði Úlfhildur.

Að lokum bauð Úlfhildur nýtt fólk velkomið til starfa og þakkaði öllu því góða fólki sem starfaði fyrir félagið á síðasta ári. Starfsmönnum á skrifstofu, stjórn og varastjórn, trúnaðarráði félagsins, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og skoðunarmönnum reikninga. Þá sagði hún að alltaf verði einhverjar breytingar í trúnaðarstöðum hjá félaginu. „Fyrir hönd stjórnarinnar býð ég nýtt fólk velkomið til starfa, einnig alla nýja félagsmenn og óska þess að við megum eiga gott samstarf á komandi starfsári,” sagði Úlfhildur að lokum.

## Stjórn og trúnaðarráð

**Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og trúnaðarráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.**

Aðalstjórn félagsins er óbreytt frá fyrra ári, en ein breyting varð á varastjórn félagsins þar sem Hildur Tryggvadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ný í varastjórn kom Anna Kristín Árnadóttir. Í stjórninni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Anna María Elíasdóttir, Rammi hf. Ólafsfirði; Eiður Stefánsson FVSA og Sigríður S. Stefánsdóttir Samskip.

Í varastjórn eru Anna Kristín Árnadóttir Norðlenska, Árni Þorvaldsson BYKO og Jón G. Rögnvaldsson Pennanum. Eins og áður segir varð ein breyting á varastjórninni, Anna Kristín kom inn fyrir Hildi sem hættir nú stjórnarsetu eftir marga ára veru. Viðtal við Hildi má má finna á bls. 9 og

viðtal við Önnu Kristínu má finna á bls. 4.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörin þau Gylfi Pálsson Fóðursölunni-Bústólpa og María Ingadóttir Grófargili. Til vara voru kjörin þau Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir KEA hótél og Halldór Óli Kjartansson Markaðsstofu Norðurlands.

### Trúnaðarráð

Trúnaðarráð félagsins er skipað af 21 félagsmanni (5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar kosnum á aðalfundi.)

### Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagsmenn í trúnaðarráði:

Áslaug Júlíusdóttir, Eimskip  
Erla Bjarnadóttir, Höldur  
Guðlaug Óskarsdóttir, Advania  
Guðmundur L. Helgason, VÍ  
Halldór Óli Kjartansson,  
Markaðsstofa Norðurlands  
Helga Eymundsdóttir, Blikkrás  
Ingvar Gunnarsson, BYKO

Jón Haraldur Lárusson, Húsasmiðjan  
Jónas Sveinsson, Flugfélag Íslands  
Kristín B. Hjaltalín, Kjarnafæði  
Laufey Dóra Guðbjargardóttir,  
Rúmfatalagerinn  
Margrét Brynjólfssdóttir,  
Bókhaldsþjónusta Þórðar Stefánss.  
Sigurlaug Hinriksdóttir,  
Strax Bygðavegi

### Til vara:

Anna Hafdís Jóhannesdóttir,  
Samkaup Dalvík  
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir, Bónus  
Inga Randversdóttir, Hagkaup  
Laufey Ingadóttir, Nettó  
María Gunn Tryggvadóttir,  
Úrval Hrísalundi  
Rósa María Rúnarsdóttir, N1  
Sigurbjörg Gunnólfssdóttir, Primex ehf.  
Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir, Olís  
Stefán Jónsson, Húsasmiðjan

### Stjórn sjúkrasjóðs

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA  
Guðríður Þorsteinsdóttir, Apótekarinn  
Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir,  
Brauðgerð Kr.Jónssonar  
Álfhildur Vilhjálmsdóttir, Vífilfell  
Þórdís Bjarnadóttir, Höldur

### Til vara:

Signý Sigurðardóttir, Nettó  
Lilja S. Jóhannsdóttir, Lyf og heilsa  
Kristín Þorgilsdóttir, FVSA



# „Þjónustan er öll til fyrirmyndar“

Á síðasta aðalfundi urðu breytingar á varastjórn félagsins. Anna Kristín Árnadóttir, bókarí hjá Norðlenska, kom ný í varastjórnina í stað Hildar Tryggvadóttur.

Anna Kristín er fædd og uppalin á Svalbarðsströndinni. Hún sat í trúnaðarráði félagsins og hefur verið trúnaðarmaður hjá Norðlenska síðan 2009. Aðspurð um hvað þyrfti að leggja áherslu á í starfi félagsins sagði hún að það þyrfti að virkja alla aðila í tengslum við öll verkalyðsmál. „Ég aðhyllist, eins og maður segir, nýja þjóðarsátt. Að samið sé um eitthvað sem heldur aðeins lengur en bara rétt á meðan það er skrifað undir samninginn. Það þarf líka að jafna réttindi fólks, eins og líffeyrisréttindi og slíkt. Að jafna bilið á milli þeirra sem starfa hjá því opinbera og okkar sem erum á almenna markaðinum.“

Anna segir að undanfarin ár hafi hún hægt og bitandi verið að kynnast félaginu, „ég þekkti það ekki mikið áður en ég hóf störf sem trúnaðarmaður. Þjónustan er öll til fyrirmyndar og það er gott að leita til þeirra á skrifstofunni með öll mál. Ég hef alltaf fengið skjótar úrlausnir með þau mál sem ég hef farið með til þeirra.“

Oft hefur verið talað um að það



þurfi að ná betur til yngri félagsmanna, hvað þarf að gera til að ná að virkja þau í starfinu? „Það er nú ekki til nein töfralausn hvað það varðar. Ég tel að það að sækja fundi sé ekki efst á óskalista þeirra. Við verðum að fara inn í skólana með fræðslu og ná þar til þeirra. Við þurfum að opna á að krakarnir hugsi aðeins út í að þau verði að spá í þetta þegar þau fara út á vinnu- markaðinn. Að mínu mati er nauðsynlegt að kenna þeim eitthvað lágmarksfjármálalæsi, að kunna að lesa launaseðla og að þau viti hvert þau eigi að leita. Það þarf líka að kynna þeim af hverju þau eigi að vera í stéttarfélaginu og slíkt. Margir hugsa eflaust að

ég þarf ekki að vera í stéttarfélagi, alveg þangað til eitthvað kemur upp á. Það eru svona hlutir sem við verðum að koma til þeirra, en það er ekki endilega einfalt að gera það. Það er spurning hvort hægt sé að nýta betur samfélagsmiðlana sem nú eru í gangi og unga fólk þar notar sem mest, eins og Facebook og Twitter. Það nær sennilega best til þeirra.“

## Eitthvað að lokum?

Ég vil hvetja félagsmenn til að sýna þessum málum áhuga og vera virk. Því miður finnst mér margir vera áhugalausir þangað til eitthvað kemur upp á. Þá á viðkomandi jafnvel ekki réttindi því hlutirnir voru ekki í lagi og gerðu ekkert í sínum málum fyrr en of seint.

Þetta sást til dæmis vel á dræmri þátttöku um daginn þegar félagsmenn voru að greiða atkvæði um nýjan kjarasamning. Því segi ég: verið virk, þarna er verið að fjalla um lífsviðurværi okkar!“

# „Stutt og hnitmiðað og á þeirra máli“

Sigurlaug S. Einarsdóttir starfar sem trúnaðarmaður félagsins á þjónustustöð Olís við Tryggvabraut á Akureyri og hefur gert það í nokkur ár. „Ég var bara kosin, ég var ekkert að trana mér fram því ég hafði ekkert komið að þessum málum áður.“

Sigurlaug er búin að fara á fjögur trúnaðarmannanámsskeið og segir að það hafi verið mjög fínt að gera það. „Þessi námskeið hafa hjálpað mér mjög mikið og kennt mér margt um það hvað felst í því að vera trúnaðarmaður og hvað stéttarfélagið er í raun. Ég vissi ekki svo mikið um þetta ef ég á að segja eins og er áður en ég fór að vinna í þessu, en ég hef haft mjög gaman að þeim námskeiðum

sem ég hef farið á,“ segir Sigurlaug og bætti við að hún telji að það mikilvægasta í starfi trúnaðarmannsins sé



að koma upplýsingum frá félaginu til vinnufélaganna og öfugt og upplýsa þau um réttindi þeirra hjá félaginu.

Hvað þarf að gera til að ná til yngri félagsmanna og virkja þau til starfa?

„Það þarf að nota netið til að ná til hópsins og þá er ég aðallega að tala um Facebook því ungt fólk í dag er alltaf á Facebook. Flest eru með það í símanum sínum og kíkja á það þegar þau hafa tíma. Textinn, sem beina á til þeirra, má ekki vera of langur, helst bara einhver stikkorð sem vekja hjá þeim áhuga, ekki allar reglurnar og slíkt allt í einu. Bara eitthvað stutt og hnitmiðað og á þeirra máli. Oft er það þannig að það eru ekki allir sem skilja það sem verið er að tala um. Ég er

viss um að þau missi frekar áhugann ef það er verið að ræða um eitthvað sem þau skilja ekkert í," segir Sigurlaug og bætir við að ungt fólk sem er í skóla og jafnvel bæði í vinnu og skóla hafi nóg að gera. „Ég er viss um að þau mæta ekki á venjulega fundi en það mætti skipuleggja óformlegan

hitting þar sem málin eru rædd, til dæmis að hafa pizzuhlaðborð og tala við þau og fá þau til að tala við einhvern frá félaginu. Þetta má ekki vera eitthvað sem minnir á skólann eða slíkt. Ungt fólk sem er búíð að vera í skólanum allan daginn nennir ekki að sitja fundi. Ég er viss um það."

„Ég vil hvetja alla, ekki bara unga félagsmenn, að vera sem virkasta. Það er lítið mál að taka upp símann og hringja í félagið eða kíkja í heimsókn. Einnig má finna margar upplýsingar inn á heimasíðu félagsins [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is)“ sagði Sigurlaug að lokum. ■

## Sjúkrasjóður FVSA

Greiðslur úr sjúkrasjóði á árinu 2013 voru aðeins minni en á árinu 2012, en þá voru greiðslurnar með allra mesta móti. Alls voru greiddir út 1.336 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins að upphæð um 47,5 milljónir króna. Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga, í fyrra voru þeir að upphæð um kr. 22,6 milljónir sem er sama upphæð og árið áður. Alls fengu 54 félagsmenn sjúkradagpeninga í fyrra, eða þremur færri en árið á undan.

### Aðrir styrkir

Langflestir félagsmenn eru að nýta sér styrk vegna heilsuræktar. Tæplega 620 félagsmenn fengu slíkan styrk á síðasta ári að upphæð um kr. 11,4 milljónir. Tæplega 370 félagar fengu greiddar um 7,8 milljónir vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranuðs, um 1,8 milljónir fóru í gleraugnastycki og lasik-augnaðgerðir og um 1,65 milljónir í dánarbætur.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriða sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

### Breytingar á reglum

Á aðalfundinum voru kynntar breyttar reglur vegna styrkja úr sjúkrasjóði. Eftirfarandi reglur tóku gildi frá og með síðasta aðalfundi:

- Til að geta sótt um styrk úr sjúkrasjóði þarf félagsgjald að hafa borist vegna þriggja mánaða af síðustu tólf, þar af a.m.k. vegna eins mánaðar af síðustu sex.
- Öll réttindi falla niður ef félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu 6 mánaða. (Undanskilin eru réttindi lífeyrisþega)
- Fullan rétt til styrkja úr sjúkrasjóði FVSA eiga allir sem hafa greitt meira en 12.000 kr. til félagsins á síðustu 12 mánuðum (meðaltal launa 100.000 kr. á mánuði)
- Þeir sem hafa greitt frá 6.000 til 11.999 kr. sl.12 mánuði (meðaltal launa 50.000 til 99.990 kr. á mánuði) eiga rétt á 60% af fullum styrkjum.

Þeir sem ekki ná 6.000 kr. á síðustu 12 mánuðum eiga ekki rétt til greiðslu styrkja úr sjúkrasjóði.

Frá og með næstu áramótum (2014/2015) munu eftirfarandi reglur taka gildi:

- Örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 2 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Ellilífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 7 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félags-

ins vegna örorku eiga rétt á dánarbótum kr. 150.000 í 2 ár eftir að greiðslur hætta að berast.

- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins vegna aldurs eiga rétt á dánarbótum kr. 150.000 í 7 ár eftir að greiðslur hætta að berast.
- Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrkuppahæð miðað við greiðslur síðustu 12 mánaða í starfi.
- Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveimur/ sjó árum fyrir andlát. (Að hámarki kr. 150.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.)
- Umsókn um slíkan styrk þarf að fylgja skattframtal vegna næstliðins árs.

### Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns:  
Greidd 80 % launa í 4 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka:  
Greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna:  
Greidd 80% launa í 3 mánuði

### Styrkir

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar).

Reikningar þurfa að berast fyrir mánaðarmót.

#### Hámark styrkja í krónum

	Hlutfall af reikningi	100% styrkur	60% styrkur
• Sjúkrabjálfun:	75%	50.000	30.000
• Krabbameinsleit:	85%	5.000	3.000
• Líkamsrækt:	50%	30.000	18.000
• Sálfræðiþjónusta:	35%	25.000	15.000
• Nudd utan TR:	35%	25.000	15.000
• Gleraugu/heyrtækni:	35%	20.000	12.000 (3 ára fresti)
• Glasa-/tæknifrvjónungun:	50%	55.000	33.000 (3 ára fresti)
• Lasik augnaðgerðir:	35%	55.000	33.000
• Dánarbætur:		300.000	
• Dánarbætur:		150.000 v/lífeyrisþega	
• Vímuefnaðferð:		Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur	

**Hámarksgreiðsla styrkja til félagsmanns er kr. 60.000 á ári fyrir þá sem greitt hafa meira en kr. 12.000 til félagsins á síðustu 12 mánuðum og kr. 36.000 (60%) til þeirra sem hafa greitt frá kr. 6.000 til 11.999 á sama tímabili. ■**

## Reykjavík

Félagið á þrjár íbúðir í Mánatúni 3 í Reykjavík. Tvær eru þriggja herbergja og ein fjögurra herbergja. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vand- aðar og glæsilegar. Það þarf að taka með sér lín á rúm og handklæði. Hægt er að leigja lín og kaupa þrif á íbúðinni hjá umsjónarmanni með viku fyrirvara í síma 822 5249.

**ATHUGIÐ!** Íbúðirnar eru reyklaugar og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Þriggja herbergja íbúðirnar eru á fjórðu hæð. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél og baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir sjö manns í hvorri íbúð og að auki er barnarúm og barnastóll í íbúðunum. Nettenging er í íbúðunum.

Fjögurra herbergja íbúðin er einnig á fjórðu hæð. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir 10 manns og að auki er barnarúm og barnastóll. Nettenging er í íbúðinni.

**Skiptidagar:** Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalar- gestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

### Verð:

3 herb. íbúð kr. 22.000

4 herb. íbúð kr. 28.000

**Leigutími:** Allt árið. (sumarleiga frá 4. júní til 20. ágúst.)

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.



## Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á „viku að eigin vali“ og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2014 verða í boði 75 styrkir að upphæð allt að kr. 20.000 sem er hækkun um kr. 5.000 frá síðasta ári. Styrkirnar eru veittir vegna gistikostnaðar á árinu 2014.

Í ár verður einnig hægt að sækja um útilegukortið, alls 25 kort verða í boði. Nánari upplýsingar um kortið má finna á [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is)

Þeir sem áhuga hafa á að ná sér í útilegukort þurfa að sækja um slíkt á saman hátt og þegar sótt er um orlofshús eða „viku að eigin vali“.

**Umsóknarfrestur vegna sumarleigu er til 20. mars 2014. Sótt er um á félagavefnum. Sækja má um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort en aðeins er hægt að fá einu af því úthlutað. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavef 10. apríl kl. 12:00.**



Eins og undanfarin sumur mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á Edduhótelin og Fosshótelin á kr. 6.500. Nánari upplýsingar um staðsetningar hótela má

finna á [www.hoteleda.is](http://www.hoteleda.is) og [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is).



Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri og kostar kr. 5.500. Nánari upplýsingar um kortið má finna á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is).

Hægt er að kaupa golfkortið 2014 á skrifstofunni á kr. 3.000.

Nánari upplýsingar um kortið er að finna á [www.golfkortid.is](http://www.golfkortid.is).

Útilegukortið verður til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri og kostar kr. 14.900.

Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 635.

**Ath!** hægt er að greiða með greiðslukorti.

## Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða 2014 og 2015

Þann 5. ágúst 2014 verður opnað á félagavefnum bókunartímabil frá 22. ágúst 2014 til 30. maí 2015.

Hver félagsmaður getur að hámarki bókað tvær bókanir á hverju tímabili. Félagsmenn athugið að vetrarleiga mun kosta orlofspunkta, mis mikið eftir húsum.

**Greiða þarf við bókun.**

Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins, [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is) □



## Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í húsi nr. 2 er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu. Hús nr. 19 er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er vel búíð eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns í húsinu auk svefnsófa í stofu og borðstofu. Heitur pottur er við húsin. Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

**ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklusir og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.**

**Skiptidagar:** Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

**Okkar álit:** Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér



Hús nr. 19.

á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

**Verð:**

Nr. 2: kr. 19.000

Nr. 19: kr. 22.000

**Leigutími:** Allt árið. (Sumarleiga frá 4. júní til 22. ágúst)

## Skógarsel, Vaglaskógi

Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Gistipláss er fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór afgangur sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppþvottavél.

**ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklusir og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.**

**Skiptidagar:** Húsið leigjast í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.

**Okkar álit:** Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

**Verð kr. 40.000,-**

**Leigutími:** Allt árið. (Sumarleiga frá 4. júní til 22. ágúst)



## Kötluholt í Biskupstungum

Bústaðurinn er staðsettur í landi Tjarnar rétt við Syðri-Reyki. Mjög stutt frá Reykholti. Bústaðurinn er um 65 fermetrar, í honum eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts. Leigjendur verða að taka með sér lín og handklæði. Í bústaðnum er þvottavél. Heitur pottur er við bústaðinn.

**ATH! Bústaðurinn er reyklus en leyfilegt er að hafa með sér gæludýr.**

**Skiptidagar /Lyklar:** Orlofshúsið er leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem er staðsettur við útidyr, skila skal lyklu í lykaskápinn við brottför.

**Okkar álit:** Gott útivistarsvæði með gróinni lóð allt í kring. Stutt að fara til nokkurra af þekktustu ferðamannastöðum landsins s.s. Gullfoss og Geysis, Skálholts, Laugarvatns, Þingvalla og Flúða svo eitthvað sé nefnt.

**Verð: Kr. 30.000**

**Leigutími:** Í leigu frá 13. júní til 15. ágúst.



## Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Þessi staður nýtur mikilla vinsælda á meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, setu- og borðstofa með eldhúskrók með öllum helstu eldhústækjum og búnaði og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og kolagrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúabyggðinni.

**ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklausa og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.**

**Skiptidagar/Lyklar:** Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 14:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr og skal lykklum skilað í lykaskápinn aftur við brottför.



**Okkar álit:** Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

**Leigutímabil:** 20. júní til 22. ágúst.

**Verð: Kr. 19.000,-**

## Einarsstaðir

Húsið sem er nr. 19 er 45 fermetrar að stærð og skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn eru við húsið. **Árið 2011 var settur heitur pottur við húsið.** Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

**ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklausa og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.**

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Í lykklaboxi á bústað.



**Okkar álit:** Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

**Leigutími:** 13. júní - 22. ágúst.

**Verð kr. 19.000,-**

## Miðhúsaskógur í Bláskógabyggð

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 kílómetra fjarlægð frá Laugarvatni þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, þar er t.d. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fermetrar með þrjú svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir sjö manns. Í því er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld, borðbúnaður, uppþvottavél og gasgrill. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél. Heitur pottur er við húsið

**ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklausa og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.**

**Skiptidagar /Lyklar:** Orlofshúsið eru leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar mega koma frá kl 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00. Lyklar eru í lykaskáp sem er staðsettur er við útidyr, skal lykklum skilað í lykaskápinn aftur við brottför.



Á svæðinu eru margar gönguleiðir, hægt að fá lánaðar golfkylfur hjá umsjónarfólki í míníggolf sem er á staðnum, uppblásið trampólín, frísbíggolf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur og ýmislegt fleira. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

**Leigutími:** 30. maí - 22. ágúst.

**Verð: kr. 25.000,-**

## Munið:

**Sótt er um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort á félagavefnum! Hægt að fá aðstoð á skrifstofu**



# „Félagið er duglegra að minna á sig“

**Á síðasta aðalfundi félagsins hætti Hildur Tryggvadóttir störfum fyrir félagið, en hún hefur setið í stjórn eða varastjórn frá árinu 2003. Hildur er flutt suður yfir heiðar og sló tíð-indamaður blaðsins á þráðinn til hennar.**

Hildur var bóndi í Fremstafelli í Köldukinn áður en hún flutti til Akureyrar um áramótin 1997-98. Hún hóf störf í Húsasmiðjunni um haustið og starfar þar enn, reyndar í Hafnarfirði núna því hún flutti suður á síðasta ári. Aðspurð um byrjunina sagðist hún ekkert hafa komið að félaginu fyrr en Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, sem þá var varaformaður félagsins, hringdi í hana og óskaði eftir því að hún gæfi kost á sér til stjórnarstarfa sem og hún gerði. „Ég sé ekki eftir því. Þessi tími er búinn að vera mjög skemmtilegur og lærdómsríkur. Hann veitti mér líka aukið sjálftraust því ég tók að mér ýmis verkefni sem ég

hefði annars ekki gert. Til dæmis í sambandi við bygginguna á Skógarseli og allar breytingarnar á húsunum hjá okkur. Ég var dálítið framarlega í því að kaupa þar inn og græja og gera eins og maður segir.“

## Mjög gefandi starf

Hildur segir að allt sem hún hefur starfað fyrir félagið hafi verið alveg einstaklega gefandi og skemmtilegt og að spurð um hvort félagsstarfið hafi breyst á þessum tíma segir hún félagið vera opnara og duglegra að minna á sig. „Mér finnst trúnaðarmenn á vinnustöðunum vera mun virkari en þeir voru. Það er meira lagt upp úr að þeir séu með og eru hvattir til að taka þátt í starfinu. Það skiptir líka miklu máli að þeir séu duglegir að minna á okkur og kynna félagið, reyna að virkja hinn almenna féлага. Mér finnst líka unga fólkið vera að koma meira inn í starfið, ef til vill vegna þess

að mér finnst félagið vera duglegra að minna á sig núna en áður. Það er orðið opnara eða virkara og einnig er kominn vísir að ungliðahreyfingu hjá okkur sem er alveg afskaplega jákvætt því þetta er mjög gott félag sem býður upp á alveg ótrúlega marga hluti.

Ég er enn í félaginu og mun ekki skipta þó ég sé komin hingað suður. Mér ber ekki skylda til þess að skipta um félag. Ég vil þakka félaginu fyrir að hafa fengið að starfa með því og mæli alveg hiklaust með þessu félagi og hvet alla sem eiga þess kost, að vera í því,“ sagði Hildur að lokum. □



## Starfsdagur trúnaðarmanna

**35 félagsmenn tóku þátt í árlegum starfsdegi trúnaðarmanna FVSA sem haldinn var 23. janúar sl. í fundarsal veitingastaðarins Greifans á Akureyri. Fyrir hádegi var Þórgnýr Dýrfjörð með fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Lætur þú ljúga að þér“? Megin viðfangsefnið var gagnrýnin hugsun, hvaða kröfur hún gerir til okkar og hvernig við getum bætt eigin skoðanir til mála. Mikil ánægja var með framlag Þórgnýs.**

Eftir hádegi var þátttakendum skipt í fjóra hópa sem fjölluðu um þjónustu félagsins. Mikil og gagnleg umræða fór fram í hópunum um öll málefni. Hóparnir unnu samkvæmt svokölluðu þjóðfundarfyrirkomulagi, en þá gefa þátttakendur tillögum og hugmyndum sem fram koma stig eftir því hve mikilvæg þau þykja.

Málefni voru fjögur og fjölluðu allir hóparnir um öll efni, en þau voru:

### Borð 1

1. Ungir félagsmenn – hvernig á að ná til þeirra
2. Lífeyrisþegar félagsins – leikhúsferðir – sumarferðir
3. Námskeið hjá félaginu – fræðslunámskeið – tómstundanámskeið – námskeið fyrir lífeyrisþega

### Borð 2 – Orlofsmál

Fjöldi orlofshúsa og íbúða - fyrirkomulag á útleigu þeirra – orlofsstyrkir – útilegukort – veiðikort - Fosshótel - Edduhótel

### Borð 3 – Sjúkrasjóður

Reglur um styrki til félagsmanna - upphæðir og tegundir - styrkir til greiðandi félagsmanna/lífeyrisþega

### Borð 4 - Skrifstofa félagsins

Viðmót starfsmanna - þjónusta við félagsmenn - sýnileiki félagsins - félaga-vefur - nafn og merki félagsins

Mikil og gagnleg umræða fór fram í hópunum um öll málefni. Unnið hefur verið úr tillögnum og niðurstöður fengnar um þau atriði sem skorðuð hæst.

Þessi vinna hefur m.a. skilað sér í tillögum að breytingum á reglum um styrki úr Sjúkrasjóði.

Í lok starfsdagsins kusu trúnaðarmenn átta féлага úr sínum röðum og 4 til vara í Trúnaðaráð félagsins. Almenn ánægja var með daginn og fékk stjórn félagsins margar góðar og gagnlegar ábendingar um þjónustu félagsins og skipulag til framtíðar. □



# Félagsmenn FVSA að störfum

Félagsmenn FVSA vinna á fjölmörgum vinnustöðum á svæðinu. Starfsmaður félagsins var á ferðinni nýlega, heimsótti nokkra vinnustaði og tók myndir af félagsmönnum í vinnunni. Afrakstur ferðarinnar má sjá hér á opnunni.



66 Norður.



Eagle golfverslun.



Icelandair hotel.



Bónus Langholti.



N1 Hörgárbraut.



Ferðaskrifstofa Akureyrar.



Nonni travel.



Olís Siglufirði



Olís Ólafsfirði.





**Primex Siglufirði.**



**Promens Dalvík.**



**Penninn Eymundsson.**



**Rammi Siglufirði.**



**Rúmfatalagerinn Glerártorgi.**



**Vogue Akureyri.**



**Nettó Glerártorgi.**



**Salka fiskmiðlun Dalvík.**



**Samkaup Byggðavegi.**



**Sjóvá Akureyri.**



**Vörður Akureyri.**



**Vodafone Glerártorgi.**



# Breytingar á starfsreglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

## Ert þú að hugsa um að fara í nám? – Hefur þú verið á námskeiði nýlega?

### Samþykktar hafa verið nýjar úthlutunarreglur

Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og tóku breytingarnar gildi um síðustu áramót. Þá hófst tveggja ára aðlögunartímabil þar sem félagsmenn geta sótt um í Starfsmenntasjóðinn samkvæmt því kerfi sem nýtist þeim best. Þannig eiga þeir sem eiga mörg uppsöfnuð stig í sjóðnum að fá tækifæri til þess að nýta þau til ársins 2016, en á sama tíma fá þeir félagsmenn sem hagnast meira á nýju reglum tækifæri til þess að sækja um samkvæmt þeim. Samkvæmt gamla kerfinu söfnuðu félagsmenn stigum eftir því hvað þeir fá í tekjur, en með nýju reglum fellur þetta stigakerfi úr gildi. Nú myndast réttindi í krónum eftir félagsgjaldi síðastliðna 12 mánuði og eru réttindi hlutfallsleg ef launahlutfall er lægra en 100%.

Samkvæmt nýju reglum á félagsmaður með laun jöfn eða hærri en byrjunarlaun afgangslufólks rétt á hámarksstyrk á hverju almanaksári, en þeir sem eru lægri fá hlutfall af styrknum. Breytingin gerir félagsmönnum með lægri laun kleift að ávinna sér inn réttindi hraðar og er vonast eftir því að nýju reglurnar hvetji félagsmenn til frekari þátttöku í símenntun.

Þegar borið er saman meðaltalsstyrkur í janúar á milli árunna 2013 og 2014 hefur hann hækkað úr kr. 19.420 í kr. 39.237.

### Hvað er í boði?

#### • Starfsmenntastyrkur:

Veittur er styrkur til starfsnáms að hámarki kr. 90.000 á hverju almanaksári, en þó aldrei hærri en 75% af námskeiðsgjaldi. Hægt er að safna styrknum í 3 ár og nýta þá 270.000 kr. fyrir eitt samfellt nám.

#### • Tómstundastyrkur:

Veittur er styrkur allt að kr. 20.000 á ári þó aldrei hærri en

50% af námskeiðsgjaldi. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk.

#### • Ferðastyrkur:

Veittur er ferðastyrkur, hámark kr. 30.000 á ári, vegna starfsnáms, utan lögheimilis, fyrir allt að helmingi fargjalds ef vegalengdin milli heimilis og fræðslustofnunar er að lágmarki 50 km. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk.

#### • Styrkir til kaupa á hjálparkækjum til lestrar- og ritstuðnings:

Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðugleika að stríða geta sótt um styrk sem nemur allt að 75% af kostnaði vegna kaupa á hjálparkækjum ætluðum til stuðnings við lestur og skrift. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Félags verslunar og skrifstofufólks [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is) eða í síma 455 1050.

### Nýtið ykkur starfsmenntasjóð!

299 styrkir voru veittir til félagsmanna á árinu 2013 úr starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, alls að upphæð kr. 6.535.000. Upphæð styrkja voru því að meðaltali um 22 þúsund. Inngreiðslur í sjóðinn voru rúmar 10,7 milljónir frá atvinnurekendum og móttframlag félagsins var um 2,7 milljónir.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tómskúla námskeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkenndum aðilum. □



Auður Jónasdóttir.



Halldóra Hlíf Hjaltadóttir

Tíðindamaður blaðsins hafði samband við tvo félagsmenn og spurði hvort þær hefðu nýtt sér Starfsmenntasjóðinn og hvernig þeim litist á breytinguna? Þetta voru þær Auður Jónasdóttir og Halldóra Hlíf Hjaltadóttir.

Auður, sem starfar á skrifstofu Samherja á Akureyri, nánar tiltekið í söludeildinni, segist hafa nýtt sér sjóðinn þar sem hún stundar nám með vinnu. „Ég stunda nám í náttúrufræðingum við Heilsumeistaraskólann og hef fengið endurgreiðslu á hluta af skólagjöldunum úr starfsmenntasjóðinum. Mér lýst vel á breytingarnar á sjóðnum og mun nýta mér sjóðinn markvissar en áður eftir þessar breytingar.“

Halldóra er nemi í þriðja bekk í Menntaskólanum á Akureyri. Hún segist hafa nýtt sér sjóðinn til að greiða niður skólagjöldin sín. „Mér lýst bara mjög vel á þessar breytingar á reglum sjóðsins.“ □

## Kvennaráðstefnan „Nordisk forum“

Nú styttest óðum í kvennaráðstefnuna Nordisk forum sem haldin verður í Malmö í Svíþjóð dagana 12. til 15. júní í sumar. Á ráðstefnunni koma saman konur frá öllum Norðurlöndunum til að ræða jafnréttismál og framtíðina. Í þau tvö skipti sem ráðstefnan hefur verið haldin hafa Íslenskar konur ekki látið sitt eftir liggja. Tilgangur ráðstefnunnar er að vekja áhuga á áskorunum jafnréttisbaráttunnar. Miðla þekkingu og hugmyndum. Búa til kröfur og tillögur að jafnréttispolítík. Búa til tengslanet. Styrkja konur á Norðurlöndunum og víða.

Þær sem hafa áhuga á að fara og eru í FVSA eru hvattar til að hafa samband við skrifstofu félagsins til að fá nánari upplýsingar um ráðstefnuna, t.d. verð og styrki sem eru í boði. Hægt að sækja um styrk í fræðslusjóð vegna ferðakostnaðar.

Á heimasíðu félagsins má finna ýmsar upplýsingar um ráðstefnuna. □